

Málsnr. 2009606SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

104. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn mánudaginn 27. júní 2022. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu f.h. FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Karl Óttar Pétursson og Oddur Jakobsson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ráðningarkjör kennara við Helgafellsskóla sem sinna kennslu í 200 daga kennsluskipulagi - Málsnr. 220610SA

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um erindi frá Félagi grunnskólakennara vegna hóps kennara sem kenna í 1-4 bekk við Helgafellsskóla og vinna samkvæmt 200 daga Samstarfsnefndinni barst einnig eftirfarandi erindi frá Mosfellsbæ vegna sama máls:

Í 1.-4. Bekk Helgafellsskóla í Mosfellsbæ er kennt í 200 kennsludaga á ári. Nýverið fór fram fundur með forsvarsmönnum Félags grunnskólakennara (FG) þar sem því var haldið fram að kennurum við skólann væri ekki greitt í samræmi við kjarasamning. Um alvarlega ásökun er að ræða, sem ekki hefur verið studd með gögnum af hálfu FG. Mosfellsbær telur mikilvægt að skorið sé úr um að það fyrirkomulag á greiðslu launa til kennara sem viðhaft er í skólanum feli ekki í sér lakari kjör en kjarasamningur kveður á um og greidd væru ef kennari starfaði í 180 daga skóla. Með vísan til þess er þess óskað að samstarfsnefnd FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga fjalli um málið.

Í Helgafellsskóla er skóla- og frístundastarf samofið. Nemendur í 200 daga skóla hefja skólaárið á 5 - 6 dögum þar sem óhefðbundið nám fer fram. Þeir dagar kallast smiðjudagar og eru í umsjón frístundastarfsfólks og kennara í aðkeyptri þjónustu. Grunnskólakennarar Helgafellsskóla koma ekki að þessum smiðjudögum.

Grunnskólakennarar sem starfa í 200 daga fyrirkomulagi kenna 24 kennslustundir á viku í 39 (38,4) vikur. Samanborið við að kennarar í 180 daga skóla (mið- og unglingastig) kenna 26 kennslustundir á viku í 36 vikur. Starfa grunnskólakennarar sem starfa í 200 daga skóla því í sama fjölda kennslustunda á ári og grunnskólakennarar sem starfa í 180 daga skóla þ.e. $24 * 39 = 26 * 36 = 936$ kennslustundir. Að auki fá kennarar í 200 daga skipulaginu 3 daga á skólaárinu

Þar sem þeir sinna endurmenntun og fá þá frí frá kennslu. Þar af leiðandi er kennslan hjá þeim í 38,4 vikur á ári.

Vinnuvika grunnskólakennara í 200 daga skólanum er 40 klukkustundir á viku en vinnuskylda kennara í 180 daga skólanum er 42,86 klukkustundir. Skipulag vinnuviku kennara í 200 daga skipulagi er:

	24 kest.	
Kennsla á viku í 38,4 vikur	15,6	klst.
Undirbúningur og úrvinnsla	10,6	klst.
Önnur fagleg störf	8,14	klst.
Frímínútur	2,8	klst.
Kaffitímar	2,92	klst.
	40,06	

Starfsdagar utan skólaársins eru 8 bæði hjá kennurum í 180 daga skólanum og 200 daga skólanum. Starfsdagar innan skólaársins eru 5 hjá báðum hópum.

Endurmenntun kennara í 200 daga skipulaginu, fyrir utan þrjá endurmenntunardaga sem nefndir eru að framan, rúmast bæði á þeim 2,86 stundum sem vinnudagur þeirra er styttri en hjá 180 daga kennurum og einnig á þeim dögum í kringum jól og páska sem eru vinnudagar en skólinn er lokaður.

Launakjör taka mið af kjarasamningi FG. Ofan á þau kjör hækkar Helgafellsskóli launaröðun kennara í 200 daga skipulagi um 3 launaflokka allt árið. Til að taka dæmi þá er kennari sem hefði raðast í launaflokk 239 án persónuálags hækkaður í launaflokk 242. Munurinn á þeim launaflokkum er 44.748 kr. Þar af leiðandi fær viðkomandi kennari 536.976 kr. hærri laun á ári ef aðeins er tekið mið af grunnlaunum. Öll yfirvinna hækkar að auki um sama hlutfall.

Að framangreindu má sjá að kennarar sem starfa í 200 daga skipulaginu vinna ekki fleiri vinnustundir en 180 daga kennarar. Það sem skilur á milli er að vinnan raðast öðruvísi og launin eru 5 – 600.000 kr. hærri á ári hjá kennurum í 200 daga skipulaginu.

Fulltrúar FG þakka Mosfellsbær fyrir útskýringar og útreikninga á launakjörum þeim sem kennurum í Helgafellsskóla sem vinna samkvæmt skóladagatali með 200 nemendadaga.

Fulltrúar FG lögðu fram á fundinum sína útreikninga og útskýringar máli sínu til stuðnings um að undirboð á kjarasamningi sé að ræða.

Niðurstaða:

Málið rætt áfram og munu fulltrúar SNS kalla eftir viðbrögðum sveitarfélagsins við útreikningum FG og boða fund þegar viðbrögð sveitafélagsins liggja fyrir..

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:00.